

Sveitarstjórn - 329 (24.11.2020) - Frá 344. fundi umhverfisráðs þann 20.11.2020;Tillaga að tímabundinni niðurfellingu eða afslætti á gatnagerðargjöldum í Dalvíkurbyggð

Málsnúmer : 201701040

Málsaðili : Dalvíkurbyggð

Niðurstaða (stutt) : Samþykkt

Fundardagur : 24.11.2020

Inngangur : Á 344. fundi umhverfisráðs þann 20. nóvember 2020 var eftirfarandi bókað:
Umhverfisráð leggur til að framlengja niðurfellingu á gatnagerðargjöldum samkvæmt ákvæði 1. mgr. 6. gr. til einstaklinga og fyrirtækja á lóðum við þegar tilbúna götur til ársloka 2022. Ráðið leggur til að farið verði í kynningarátak á þeim lóðum sem eru til úthlutunar á þessum forsendum. Samþykkt samhljóða með fimm atkvæðum."

Til máls tóku:

Katrín Sigurjónsdóttir sem leggur til að þessum lið verði vísað til byggðaráðs til úrvinnslu vegna álitamála.
Guðmundur St. Jónsson.

Niðurstaða : Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 7 atkvæðum ofangreinda tillögu Katrínar að vísa þessum lið til byggðaráðs til nánari útfærslu.